



Fundargerð 16. stjórnar AKÍS 2024-2025

Staður og tími: Zoom 10. september 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Páll Jónsson (PJ), Baldvin Hansson (BH), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP)

Mættir varamenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Valdemar Johnsen (VJ)

AÓS ritaði fundargerð.

1. Rally Reykjavík

Stjórn barst erindi símleiðis um að lykilstarfsmenn á Rally Reykjavík hafi ekki verið á staðnum, þar á meðal formaður dómnefndar og öryggisfulltrúi.

Stjórn tók erindið til umfjöllunar og mun taka málið upp þegar frekari gögn hafa borist er það varðar.

2. Sandspyrna 15.sept

Bílaklúbbur Akureyrar hefur frestað sandspyrnukeppni sem fram átti að fara síðastliðna helgi og er ný dagsetning keppinnar 15. september. Þessi breyting var gerð í mótakerfi Akís án tilkynningar til sambandsins en þann 10. september barst svo tilkynning um breytinguna ásamt nánari útskýringum.

Stjórn samþykkir nýja dagsetningu en áréttar að aðildarfélög fari eftir reglugerð um keppnishald, sjá grein 8.3. Frestun og framhald keppni.

3. Lokahóf

Formaður fór yfir stöðuna á undirbúningi á lokahófi og formannafundi og kynnti fyrir stjórn kostnaðaráætlun.

4. Gull- og silfur heiðursmerki.

Óskað hefur verið eftir tilboði í hönnun og gerð gull- og silfurmerkja AKÍS og mun stjórn fá sendar tillögur af heiðursmerkjum til samþykktar.



Merki þessi verður hægt að veita sem viðurkenningu fyrir vel unnin störf í þágu íslenskra akstursíþróttar t.d. á lokahófi og ársþingi sambandsins.

5. Motorsport Games 2024

Stjórn hefur ákveðið að senda keppendur í eftirfarandi keppnisgreinar: Drift, Kart jr og tvær greinar hermiaksturs. Stjórn samþykkir að sambandið greiði keppnisgjöld ásamt ferðakostnaði fulltrúa AKÍS.

6. Styrkveitingar

Stjórn samþykkir að farið verði í seinni styrkúthlutun og að hún verði með óbreyttu sniði og felur formanni og starfsmanni að auglýsa úthlutunina.

Önnur mál

Styrkveitingar - Bílaklúbbur Akureyrar hefur sent inn gögn er varða styrkúthlutun og felur starfsmanni að greiða styrkinn út.

Fundarboð - HVH vekur athygli á að fundarboð og fundargögn stjórnar skulu berast tímanlega og helst eigi síðar en föstudegi fyrir fund.

Til kynningar:

- Föstudaginn 13. september eiga JÞJ og HKS fund með afrekssjóði er varðar umsókn í Afrekssjóð 2025.
- Tvær keppnir í Íslandsmótinu eru að klárast á laugardaginn, Rallycross í Hafnarfirði og Sandspyrna á Akureyri. Það vantar aðila til að sjá um að fara með skilti og taka myndir af Íslandsmeisturum.

Næsti fundur verður 24. september kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 21:05